

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 28. febrúar 2006, kl. 12:00 í fundarherbergi Norræna hússins.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Ástríður Stefánsdóttir, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Páll Hreinsson, Sólveig Anna Bóasdóttir og Salvör Nordal, forstöðumaður.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. *Fjármál og staða stofnunarinnar.*
 - 1) Uppgjör fyrir árið 2005 lagt fram. Þar kemur fram að stofnunin er í talsverðum plús um áramót. Þetta skýrist fyrst og fremst af uppgjöri Elsagen verkefnisins. Þá eru nokkrar milljónir inni hjá einstökum verkefnum sem munu verða notaðar á þessu ári. Forstöðumaður vakti athygli á því að fastur rekstur stofnunarinnar væri í mínus og því væri sterk staða á þessu ári ekki varanleg og mikilvægt að finna leið fyrir stofnunina að fá föst framlög fyrir daglegum rekstri.
 - 2) Lagður fram samningur við Þjóðkirkjuna þar sem Kirkjuráð fer fram á að helmingur styrks, sem verið hefur 500 þúsund krónur á ári, verði í formi úttektar í Skálholtsskóla. Tóku fundarmenn vel í þá tillögu þar sem samstarf Siðfræðistofnunar og Skálholtsskóla hefur verið talsvert á síðustu árum. Jafnframt var ákveðið að freista þess að fá heildarupphæð samningsins hækkaðan uppí 600 þúsund. Samkvæmt samningnum á að meta þýðingu hans fyrir hvorn aðila fyrir sig. Forstöðumaður lagði fram fyrstu drög að slíkri úttekt fyrir hönd Siðfræðistofnunar.
 - 3) Forstöðumaður greindi frá því að á síðasta ári hefði verið gerður samningur milli hans, Siðfræðistofnunar og Heimspekiskorar um kennslu forstöðumanns fyrir skorina. Samkvæmt samningnum var kennslan innan vinnuskyldu forstöðumanns fyrir Siðfræðistofnun og skorin greiddi henni fyrir kennsluna. Taldi forstöðumaður þetta góðan samning fyrir skorina og gefa tilefni til að stefna væri mörkuð um starf hans fyrir heimspekiskor.
 - 4) Lagðir fram bæklingar um nýjar námsleiðir í heimspekiskor. Um er að ræða M.A. nám í heilbrigðis- og lífsiðfræði, viðskiptasiðfræði og umhverfis- og náttúrusiðfræði. Siðfræðistofnun hefur tekið mikinn þátt í mótun þessara námsleiða og mun hafa stjórnarsýslulega umsjón með þeim.
 - 5) Lagt fram bréf frá forstöðumanni þar sem hann fer fram á 2ja mánaða námsleyfi frá störfum til að vinna að doktorsritgerð sinni í vor. Forstöðumaður vék af fundi á meðan á umræðum stóð. Samþykkt að veita leyfið.
3. *Rannsóknaverkefni.*
 - 1) Stefnt er að því að halda Norfa /Nordforsk – námskeið í Svíþjóð 11. – 14. júní n.k. í tengslum við ráðstefnu um upplýst samþykki.
 - 2) Rætt um rannsóknina *Notkun gagnagrunna í heilbrigðisvísindum – siðferðileg álitamál*, sem styrkt er af Rannís. Verkefnið gengur vel og var kynnt fyrsta skýrsla úr verkefninu sem tengist starfi Vísindasiðanefndar.

- 3) Siðfræðistofnun sótti um styrki fyrir tvö verkefni til Kristnihátíðarsjóðs, annars vegar framhaldsstyrk til verkefnisins, *Siðfræði og samtími* og til nýs verkefnis sem tengist börnum og nefnist *Gildismat og velferð barna í neyklusamfélagi nútímans*. Fékkst styrkur fyrir bæði verkefnin.
- 4). Formaður og forstöðumaður gerðu grein fyrir ýmsu erlendu samstarfi ma. við Sevilla, Warwick, Belfast og Boston.

4. *Fundir og málþing.*

- 1) Siðfræðistofnun undirbýr nú málþing um John Stuart Mill í samstarfi við Heimspekistofnun. Málþingið er áætlað í september n.k.
- 2) Siðfræðistofnun er í samstarfi um málþing um Norræna siðmenningu sem haldið verður í Skálholti haustið 2007. Frumkvöðull að málþinginu er Jóhann Páll Árnason, heimspekingur og félagsvísindamaður í Ástralíu og aðrir samstarfsaðilar eru Stofnun Árna Magnússonar og Háskólinn á Akureyri.
- 3) Rætt um möguleika á að efna til hádegisfunda með haustinu um brýn siðfræðileg vandamál í samtímanum. Ástríður vakti í þessu sambandi máls á álitamálum er varðaði trúnað lækna sem verið hefur í umræðunni. Hún sagði að Siðaráð lækna og Siðanefnd LSH hefði áhuga á samstarfi við Siðfræðistofnun um fund t.d. í Skálholti um þessi mál.

5. *Útgáfumál.* Næstu rit í ritröðinni Siðfræði og samtími kynnt. Útgáfa með niðurstöðum úr Elsagen verkefninu kemur út hjá Cambridge University Press á árinu.

6. *Ýmis erindi* hafa borist Siðfræðistofnun

- 1) Tannlæknafélagið hefur óskað eftir liðsinni við endurskoðun siðareglna sinna.
- 2) Félagsvísindadeild hefur óskað eftir að Siðfræðistofnun skipuleggi tveggja daga námskeið fyrir doktorsnema sína um siðfræði rannsókna og starfsstétta.
- 3) Óformlegt erindi hefur borist frá félagi áhugamanna um heimspeki á Akureyri um málþing um „Dauðasyndirnar sjö”.

Fundi slitið um 13:30

S.N.